

Föstudaginn 15. febrúar 1957.

Nr. 58/1956. **Geir Borg** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Gunnlaugi Guðjónssyni og Barða Barðasyni
og gagnsök**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um rétt til váttryggingarfjár.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða honum kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 30. júlí 1947 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 29. nóvember 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

V/s Sæfari, S.I. 91, var árið 1945 í eign h/f Sæfara á Siglu-firði, en framkvæmdastjóri og aðalhluthafi þess félags var Egill Ragnars. Aðaláfrýjandi, sem er mágur Egils, lét honum þá í té dýptarmæli, sem settur var í nefnt skip 25. október 1945. Áskildi aðaláfrýjandi sér eignarrétt að mælinum, meðan andvirði hans væri ekki að fullu greitt. Dóttir Egils eignaðist síðar skipið, og hlaut það þá nafnið Ragnar, S.I. 91. Var hún eigandi skipsins, er gagnáfrýjendur tóku það á leigu í júní 1947. Aðaláfrýjandi hefur staðhæft, að mælirinn hafi jafnan fylgt skipinu, eftir að hann var í það settur, og týnt með því, er það fórst hinn 30. júlí 1947. Kveðst hann þá ekki enn hafa fengið neitt greitt upp í andvirði mælisins.

Pegar gagnáfrýjendur tóku skipið á leigu, var þess ekki getið sérstaklega í leigusamningnum, að dýptarmælir væri í skipinu, og hafa þeir í flutningi máls þessa véfengt, að svo hafi verið. Það er þó komið fram í málinu, að þeir vátbyggðu dýptarmæli í skipinu hinn 26. júlí 1947 og að þeir veittu við-

töku váttryggingarfénu fyrir þann dýptarmæli, eftir að skipið fóst. Nú hafa gagnáfrýjendur ekki haldið því fram, að þeir hafi lagt til dýptarmæli í skipið, né yfirleitt sýnt fram á, að í það hafi annar dýptarmælir komið en sá, sem aðaláfrýjandi átti og fyrr var getið. Verður því að leggja til grundvallar, að dýptarmælir sá, sem þeir váttryggðu, hafi verið eign aðaláfrýjanda og týnzt með skipinu. En af því leiðir, að gagnáfrýjendum bar að halda sérgreindu váttryggingarfé því, sem fyrir dýptarmælinn kom, og skila aðaláfrýjanda því. Þar sem skyldu gagnáfrýjanda var þannig háttað, sætir krafa aðaláfrýjanda ekki fyrningu samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905.

Gagnáfrýjendur váttryggðu dýptarmælinn ásamt talstöð í skipinu fyrir samtals kr. 30.000.00, og galt váttryggingarfélagið þeim þá fjárhæð. Þeir hafa greitt eiganda talstöðvarinnar kr. 5100.00 af váttryggingarfénu, og hefur aðaláfrýjandi ekki véfengt, að váttryggingarfénu væri rétt skipt með þeim hætti milli hinna tryggðu verðmæta. Koma þá í hans hlut kr. 24.900.00, enda er ekki í ljós leitt, að sú fjárhæð fari fram úr verði dýptarmælisins á þeim tíma, er skipið fóst. Ber að dæma gagnáfrýjendur til að greiða in solidum aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum eins og krafizt er, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið mótmælt sérstaklega. Samkvæmt þessum úrslitum ber gagnáfrýjendum in solidum að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 7000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Gunnlaugur Guðjónsson og Barði Barðason, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Geir Borg, kr. 24.900.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. júlí 1947 til greiðsludags og kr. 7000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 5. október 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. september s. l., hefur Geir Borg framkvæmdastjóri, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. október 1953, á hendur þeim

Gunnlaugi Guðjónssyni framkvæmdastjóra, Aðalgötu 6, Siglufirði, og Barða Barðasyni skipstjóra, Lækjargötu 11, Siglufirði, til greiðslu skaðabóta, kr. 25.000.00 auk 6% ársvaxta frá 30. júlí 1947 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1945 leitaði Egill Ragnars, útgerðarmaður og framkvæmdastjóri h/f Sæfara, eiganda v/s Sæfara, til stefnanda um lán til kaupa á dýptarmæli til að setja í skipið. Kveðst stefnandi hafa orðið við þessari beiðni og greitt fyrirtæki Guðmundar Sigmundssonar, Reykjavík, andvirði mælisins og afhent Agli hann, en þeir gert með sér samning, þar sem stefnandi hafi áskilið sér eignarrétt að mælinum, unz hann væri að fullu greiddur af h/f Sæfara. Var dýptarmælirinn síðan settur í skipið Sæfara 25. október 1945 samkvæmt tilkynningu til framleiðanda mælisins, sem lögð hefur verið fram í málinu. Í þeirri tilkynningu er eigandi mælisins talinn h/f Sæfari, Siglufirði.

Hinn 25. febrúar 1946 er v/s Sæfari, S.I. 91, seldur á nauðungaruppboði á Akureyri. Dýptarmælirinn virðist þá eigi hafa verið tekinn úr skipinu. Á uppboðsþinginu lá fyrir skeyti frá stefnanda, þess efnis, að hann ætti dýptarmæli í v/s Sæfara. Var samþykkt í uppboðsréttinum, að bjóða mæli þenna og fleiri muni ekki upp með skipinu, heldur síðan á lausafjáruppboði og yrði þá gert út um eignarrétt á þeim. Lausafjáruppboð þetta mun aldrei hafa farið fram. Uppboðið á skipinu fór þannig, að Egill Ragnars varð hæstbjóðandi fyrir hönd dóttur sinnar Guðrúnar Ragnars, og var honum slegið skipið. Var nú breytt um nafn á skipinu og hlaut það nafnið Ragnar, S. I. 91.

Liggur nú skipið þar til í júní 1947, að Útvegsbankinn á Akureyri fær umboð Egils Ragnars f. h. Guðrúnar Ragnars til að leigja skipið stefndu í máli þessu. Samkvæmt samningi, sem gerðist milli þessara aðilja og lagður hefur verið fram, var skipið leigt ásamt veiðarfærum, en ekki minnzt einu orði á, hvort dýptarmælir sá, er að framan greinir, var leigður með í því. Fór skipið síðan á síldveiðar, eftir að stefndu höfðu ráðið á það skipshöfn; en 30. júlí 1947 fórst skipið fyrir handvömm skipstjórans. Týndust þá og veiðarfæri öll, og auk þess telur stefnandi, að dýptarmælir, sá er hann lét Egil Ragnars hafa, hafi og farizt með skipinu, en stefndu telja, að enginn dýptarmælir hafi verið í því.

Fjórum dögum áður en skipið fórst, virðast stefndu hafa beðið um váttryggingu á farangri skipverja v/s Ragnars og öryggis-tækjum skipsins.

Voru þann 31. júlí gefin út tvö váttryggingarskírteini, og sýnir annað, sem lagt hefur verið fram í máli þessu, að dýptarmælir og talstöð hafa verið váttryggð sameiginlega fyrir kr. 30.000.00.

Kveðst stefnandi hafa talið, að dýptarmælirinn hefði farizt óváttryggður, enda hafi mágur hans Egill Ragnars tjáð honum, að hann hefði eigi vegna fjárskorts getað haft mælinn váttryggðan, eins og þeir segja þó báðir, að hafi verið skylda Egils. Síðan hafi hann komizt að því, að stefndu hefðu haft mælinn váttryggðan fyrir kr. 25.000.00 og fengið þá upphæð greidda.

Dómkröfur sínar rökstyður stefnandi á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með þeim rökum, að skipið Ragnar, S. I. 91, hafi farizt fyrir handvömm skipstjórans, sem hafi verið í þjónustu stefndu og beri þeir skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem hann olli með gáleysi sínu. Beri þeim því að greiða honum skaðabætur fyrir dýptarmælinn, sem farizt hafi með skipinu. Þannig rökstudd er krafa hans skaðabótakrafa.

Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á því, að hinn 26. nóvember 1947 hafi stefndu fengið greitt váttryggingarfé út á dýptarmæli hans og fengju þeir að halda fé þessu, myndu þeir auðgast ranglega á kostnað hans. Þannig rökstudd er krafan auðgunarkrafa.

Telur stefnandi, að á hvorn rökstuðninginn sem yrði fallizt, bæri að dæma stefndu til að greiða honum andvirði mælisins, kr. 25.000.00, er hann telur sannvirði hans.

Stefndu hafa í fyrsta lagi krafizt sýknu vegna aðildarskorts stefnanda. Halda þeir því fram, að stefnandi hafi aldrei átt dýptarmæli þann, sem hér er um að ræða, heldur h/f Sæfari, Egill eða Guðrún Ragnars. Hafa þeir bent á, að í tilkynningu til framleiðenda mælisins er eigandi talinn h/f Sæfari og að Ríkarður Sigmundsson, starfsmaður við fyrirtæki Guðmundar Sigmundssonar, en það fyrirtæki afhenti mælinn og sá um niðursetningu hans, hafi sem vitni borið, að samkvæmt gögnum fyrirtækisins sé Egill Ragnars skráður kaupandi hans.

Stefnandi segir hins vegar, að hann hafi upphaflega greitt mælinn vegna fjárskorts Egils Ragnars framkvæmdastjóra h/f Sæfara. Hafi Egill síðan fengið hann og ætlunin verið að setja hann í v/s Sæfara, en hann (stefnandi) hafi áskilið sér eignarrétt að honum, unz hann væri að fullu greiddur. Egill Ragnars hefur sem vitni lýst því yfir, að stefnandi hafi upphaflega greitt kaupverð mælisins, en h/f Sæfari síðan fengið hann og þegar átt hafi að

setja hann í v/s Sæfara, hafi stefnandi áskilið sér eignarrétt að honum, þar sem hann hefði greitt hann.

Þá hafa bæði stefnandi og Egill Ragnars lýst yfir því, að þeir hafi 13. júlí 1945 gert með sér samning um „leigu“ á dýptarmælinum til h/f Sæfara. Þrátt fyrir áskoranir stefndu hefur stefnandi eigi lagt fram frumrit samnings þessa, og kveður hann það glatað, en hann er tekinn upp í símskeyti það, sem stefnandi sendi uppboðsréttinum á Akureyri, er v/s Sæfari var boðinn upp í febrúar 1946. (dskj. nr. 2). Hefur Egill borið, að samningurinn sé rétt tekinn upp í símskeytið.

Eftir þessum framburðum þeirra virðist stefnandi þegar hafa orðið eigandi mælisins, er hann greiddi hann, en ekki að um lán hafi verið að ræða. Síðan hafi h/f Sæfara verið afhentur mælirinn og ætlunin verið, að hann yrði þess eign, er hann væri að fullu greiddur. Ekki virðist h/f Sæfari þó hafa greitt neitt upp í kaupverð mælisins.

Telja verður, að þeim, sem selur hlut með eignarréttarfyrirvara, eins og hér virðist vera um að ræða, sé heimilt að hafa uppi kröfur á hendur þeim aðiljum, sem ábyrgð bera á skemmdum eða eyðileggingu á hlutnum, enda hirði kaupandi ekki um að koma fram ábyrgð á hendur þeim. Verður því að telja stefnanda réttan aðilja máls þessa. Hins vegar verður stefnandi ekki talinn eiga kröfu til váttryggingarfjár þess, sem greitt var út á dýptarmælinn. Verður því krafa stefnanda á hendur stefndu einungis skaðabótakrafa, en eins og síðar verður getið, teljast stefndu bera fébótaábyrgð á tortímingu dýptarmælisins.

Þá hafa stefndu mótmælt því, að dýptarmælirinn hafi verið í skipinu, sem fórst. Telja þeir, að það hafi verið mistök manns þess, er gekk frá tryggingu á farangri skipverja og öryggistækjum skipsins v/s Ragnars eða tryggingarfélagsins, að dýptarmælir var ásamt talstöð sérstaklega váttryggður á nafni skipsins. Þar sem þeir hafi eigi til þess vitað, að slíkt tæki væri í skipinu, hafi þeir eigi beðið um váttryggingu á því. Segir stefndi Gunnlaugur, að hann hafi einungis beðið starfsmann sinn, Gunnar Thordarson, að tryggja farangur skipverja og öryggistæki skipsins í einu lagi fyrir kr. 120.000.00.

Svo sem greint var frá hér að framan, var eigi á það minnzt, er stefndu tóku v/s Ragnar á leigu, hvort dýptarmælir var þá í skipinu eða eigi. Skipstjóri sá, er var með skipið á síldveiðum sumarið 1947, hefur sem vitni borið, að hann muni eigi, hvort dýptarmælir var þá í því eða eigi, en Ásgrímur Sigurðsson skipstjóri, Siglufirði, sem var skipverji á v/s Ragnari sumarið 1947,

minnst þess eigi, að slíkt tæki væri þá í skipinu, og minnst þess, að dýpi hafi verið mælt með handlóði. Þá hefur Gunnar Thordarson, maður sá, sem gekk frá vátryggingu öryggistækja skipsins og farangurs skipverja, lýst því yfir, að honum hafi eigi verið það kunnugt, hvaða öryggistæki það voru, sem tryggja átti, er Gunnlaugur Guðjónsson hafi beðið hann að ganga frá tryggingu farangurs skipverja og öryggistækja v/s Ragnars. Stefnandi hefur mótmælt framburðum þessara vitna og vottorði Gunnars Thordarsonar sem röngu og vilhöllu, en hann kom aldrei fyrir dóm. Stefnu telja, að mótmæli stefnanda við vottorði Gunnars séu of seint fram komin, en þau komu fyrst fram í framhaldsrannsókn. Enda þótt telja verði, að svo sé, verður sönnunargildi vottorðs þessa lítið, þar sem það er fyrst gefið rúmum 7 árum eftir að gengið var frá tryggingunni.

Þrátt fyrir þessa framburði verður að telja það, að dýptarmælirinn var vátryggður ásamt því, að stefnu taka við vátryggingarfé hans án athugasemda, veita fulla sönnun þess, að slíkt tæki hafi verið í skipinu, er það fórst, og um annan dýptarmæli en mæli stefnanda virðist ekki hafa verið að ræða.

Þriðja varnarástæða stefnu er sú, að krafan sé fyrnd. Telja þeir hana út af leigu á skipi og leigu á dýptarmæli og fyrnast á 4 árum. Stefnandi telur hins vegar, að krafa hans sé ekki út af leigu dýptarmælisins og fyrnist á 10 árum samkvæmt hinu almenna ákvæði 4. gr., 2. tl., laga nr. 14 frá 1905.

Það verður að telja fram komið, að stefnu fengu umræddan dýptarmæli leigðan með v/s Ragnari, enda þótt hans sé hvergi getið í samningi Útvegsbankans á Akureyri f. h. Guðrúnar Ragnars og stefnu. Þeir réðu áhöfn á skipið og bera því fébótaábyrgð á því tjóni, sem skipsmennirnir hafa valdið með gáleysisverkum sínum, en skipið fórst fyrir gáleysi skipstjórans 30. júlí 1947.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fyrnast á 4 árum allar kröfur út af leigu á fasteignum og lausafé. Telja verður, að bótakröfur vegna skemmda eða algerrar tortímingar leiguhlutar falli undir ákvæði þetta. Er krafa stefnanda því fyrnd, er mál þetta var höfðað hinn 30. október 1953. Ber því að sýkna stefnu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Vegna mikilla embættisanna hefur dregið að kveða upp dóm í málinu. Ófeigur Eiríksson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnlaugur Guðjónsson framkvæmdastjóri, Siglu-firði, og Barði Barðason skipstjóri, eiga að vera sýknir af kröfu stefnanda, Geirs Borg, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 15. febrúar 1957.

Nr. 24/1957. **Ákærvaldið**

gegn

Gísla Þorvaldssyni og Runólfi Sölvasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Á dómþingi í sakadómi Keflavíkur 6. þ. m., er rannsókn var háð út af grun um brot gegn áfengislögum nr. 58/1954, krafðist Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, er var réttargæzlumaður nokkurra þeirra manna, sem við rannsóknina voru riðnir, þess, að Sigtryggur Árnason yfirlög-reglumaður, Keflavík, yrði settur í gæzluvarðhald, á meðan rannsókn málsins færi fram. Rannsóknardómarinn ákvað, að krafa þessi skyldi ekki tekin til greina. Þessa ákvörðun rannsóknardómarans, Alfreðs Gíslasonar, bæjarfógeta í Keflavík, kærði réttargæzlumaðurinn samstundis til Hæstaréttar, og barst kæran hingað 11. þ. m.

Lagaheimild brestur til að kæra framangreinda ákvörðun héraðsdómarans til Hæstaréttar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá dómi.

Kröfu réttargæzlumannsins um kærumálskostnað fyrir Hæstarétti er ekki unnt að taka til greina.

Krafa sú, er að framan greinir, um að yfirlög-reglumaður Keflavíkur yrði settur í gæzluvarðhald, var fjarri sanni. Þyk-ir því rétt samkvæmt 6. mgr. 174. gr. laga nr. 27/1951, að fyrrgreindur réttargæzlumaður sæti 500 króna sekt til ríkis-